

Kolviður, sjóður
Ársreikningur 2023

Kolviður, sjóður
Þórunnartúni 6
105 Reykjavík

Kt. 560606-1170

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og áritun stjórnar	3
Áritun óháðs endurskoðanda	4
Rekstrarreikningur	6
Efnahagsreikningur	7
Yfirlit um sjóðstreymi	8
Skýringar	9

Skýrsla og áritun stjórnar

Kolviður er sjóður sem var stofnaður af Skógræktarfélagi Íslands og Landvernd árið 2006. Markmið sjóðsins er aukin binding kolefnis í gróðri og jarðvegi í þeim tilgangi að draga úr styrk koltvíoxíðs (CO₂e) í andrúmslofti. Sjóðurinn vinnur að þessu markmiði með því m.a. að gefa fyrirtækjum, stofnunum og einstaklingum tækifæri til þess að binda kolefnislosun sína með skógrækt. Sjóðurinn hvetur til að dregið sé úr losun gróðurhúsalofttegunda af fremsta megni.

Tekjur sjóðsins koma frá fyrirtækjum og einstaklingum sem óska eftir að kaupa bindingu á losun sinni, sem í flestum tilvikum hefur þegar átt sér stað. Kolviður setur þá í gang gróðursetningaverkefni til að planta nauðsynlegum fjölda trjáa til kolefnisbindingar. Kaupendur kaupa þannig vænta bindingu sem einnig má nefna kolefnisbindingu í bið, sem fer rólega af stað en eykst síðan og nær hámarki sínu eftir 30-40 ár en þá dregur heldur úr árlegri bindingu. Kolviður reiknar með 50 ára binditíma gróðursins.

Starfsmenn Skógræktarfélags Íslands hafa unnið ötullega að því síðustu ár að handbók Kolviðar sem inniheldur verkferla verkefna og skógræktaráætlanir verði sannreyndar og árangur staðfestur/ vottaður samkvæmt alþjóðlegum staðli ISO 14064-2, af Bureau Veritas í London. Þessum áfanga var loks náð 7 maí 2024 þegar fulltrúar Kolviðar tóku við viðurkenningarskjali þar um frá fulltrúum Bureau Veritas. Starfsemi Kolviðar er því alþjóðlega vottuð og hægt að bjóða kolefnisbindingu á alþjóðlegum markaði.

Áætlaðri kolefnisbindingu er deilt á milli tryggingareininga (20%) og handbærra eininga (80%) sem má selja. Frá og með 15. ári er nettó binding staðfest /vottuð með vettvangskönnun og mælingum. Ein kolefniseining jafngildir einu tonni af CO₂e. Kolviður er nú með rúm 270 þús. tonn CO₂e eða um 2 milljónir plantna í bindingarferli sem viðskiptavinir hafa keypt á undanförunum sautján árum.

Lögd er rík áhersla á að gerðir séu skriflegir samningar m.a. um afnot á landi, plöntukaup og önnur aðföng sem og verktakasamninga við þá sem koma að gróðursetningu og öðrum verklegum framkvæmdum. Kolviður sækist eftir landi til plöntunar sem víðast á landinu m.a. til áhættudreifingar og að vera sem næst viðskiptavininum sínum. Samningum um afnot af landi til 55 ára er þinglýst. Þar er kvöð um að skógurinn fái að standa þann tíma en að því loknu eignast landeigandi skóginn. Gróðursetning á árinu 2023 fór fram á Geitasandi, Úlfhljótsvatni, Skálholti, Reykholti og Ærvíkurböfða við Húsavík. Þar sem því er við komið er unnið að framkvæmdum og gróðursetningu í samstarfi við skógræktarfélag staðarins eða landeigendur.

Á árinu 2023 voru tekjur umfram gjöld af rekstri sjóðsins samkvæmt rekstrarreikningi að fjárhæð 12.648 þús. kr. Eigið fé nam 67.008 þús. kr. samkvæmt efnahagsreikningi í árslok.

Enginn starfsmaður var á launaskrá hjá sjóðnum á árinu 2023 en öll þjónusta er aðkeypt.

Stjórn Kolviðar staðfestir hér með ársreikning sjóðsins fyrir árið 2023 með undirritun sinni.

Reykjavík, 31. maí 2024.

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar Kolviðar

Áritun um endurskoðun ársreikningsins

Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning Kolviðar ("sjóðurinn") fyrir árið 2023. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisýfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu sjóðsins 31. desember 2023 og afkomu hans og breytingu á handbæru fé á árinu 2023, í samræmi við lög um ársreikninga.

Grundvöllur álits

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum *Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins* í árituninni. Við erum óháð félaginu í samræmi við gildandi siðareglur fyrir endurskoðendur. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð stjórnar á ársreikningnum

Stjórn er ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og fyrir því innra eftirliti sem hún telur nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórn að leggja mat á rekstrarhæfi sjóðsins og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi, nema hún ætli annað hvort að leysa sjóðinn upp eða hætta starfsemi hans, eða hafa engan annan raunhæfan kost en að gera það.

Stjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort ársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur ársreikningsins taka á grundvelli hans.

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhjá innra eftirliti.
- Öflum við skilnings á innra eftirliti, sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits sjóðsins.
- Metum við hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.

Áritun óháðs endurskoðanda, frh.:

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins frh.:

- Ályktum við um hvort notkun stjórnar á forsendu reikningsskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um rekstrarhæfi félagsins. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni gert sjóðinn órekstrarhæfan.
- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp kunna að koma í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti.

Staðfesting vegna annarra ákvæða laga

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir þessum ársreikningi eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Reykjavík, 31. maí 2024.

KPMG ehf.

Rekstrarreikningur ársins 2023

	Skýr.	2023	2022
Rekstrartekjur			
Kolefnisbinding		79.721.521	89.840.673
		79.721.521	89.840.673
Rekstrargjöld			
Kostnaður og breyting skuldbindingar vegna gróðursetningar	2	63.742.107	73.422.031
Annar rekstrarkostnaður	3	4.575.582	6.075.276
Afskriftir	4	962.513	962.513
		69.280.202	80.459.820
Rekstrarhagnaður fyrir fjármagnsliði		10.441.319	9.380.853
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Vaxtatekjur		1.205.511	798.466
Vaxtagjöld		(6.846)	(198.606)
Gengisbreyting markaðsverðbréfa		1.008.043	(432.208)
		2.206.708	167.652
Tekjur umfram gjöld ársins	9	12.648.027	9.548.505

Efnahagsreikningur 31. desember 2023

	Skýr.	2023	2022
Eignir			
Áhöld og tölvubúnaður		931.592	1.894.105
Fastafjármunir samtals	1,4	<u>931.592</u>	<u>1.894.105</u>
Veltufjármunir			
Birgðir	5	2.649.683	3.053.893
Óseld kolefnisbinding	6	38.937.317	5.403.640
Viðskiptakröfur og aðrar kröfur	7	17.498.111	8.367.698
Markaðsverðbréf	8	16.318.729	15.310.686
Handbært fé		9.577.946	22.415.903
Veltufjármunir samtals		<u>84.981.786</u>	<u>54.551.820</u>
Eignir samtals		<u><u>85.913.378</u></u>	<u><u>56.445.925</u></u>
Eigið fé			
Stofnframlag		647.000	647.000
Tryggingasjóður		19.419.402	15.433.326
Óráðstafað eigið fé		46.941.861	38.279.910
Eigið fé samtals	9	<u>67.008.263</u>	<u>54.360.236</u>
Skuldir			
Viðskiptaskuldir		18.905.115	2.085.689
Skammtímaskuldir samtals		<u>18.905.115</u>	<u>2.085.689</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u><u>85.913.378</u></u>	<u><u>56.445.925</u></u>

Skýringar

1. Reikningsskilaaðferðir

a. Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum að því undanskyldu að markaðsverðbréf eru færð á gangvirði.

b. Rekstrarfjármunir

(i) Færsla og mat

Rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum.

(ii) Afskriftir

Afskriftir eru reiknaðar sem fastur hundradshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna, þar til niðurlagsverði er náð. Áætlaður nýtingartími greinist þannig:

Tölvubúnaður 3 ár

c. Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar niður í efnahagsreikningi. Hér er ekki um endanlega afskrift að ræða heldur er myndaður mótreikningur, sem mæta á þeim kröfum sem kunna að tapast og er hann dreginn frá skammtímakröfum í efnahagsreikningi.

2. Kostnaður / breyting skuldbindingar vegna gróðursetningar

	2023	2022
Undirbúningur, samningar og skógræktaráætlanir	25.295.062	8.659.262
Jarðvinnsla	1.815.360	3.485.272
Gróðursetning, áburður, vegagerð og umsjón	32.919.698	31.520.266
Trjáplöntur	34.532.594	21.895.351
Rannsóknir, úttektir og eftirlit	2.309.160	5.513.193
Samtals útlagður kostnaður á árinu	96.871.874	71.073.344
Óseld kolefnisbinding	(33.533.677)	2.348.687
Birgðabreyting	403.910	0
Kostnaður og breyting skuldbindingar samtals	63.742.107	73.422.031

3. Annar rekstrarkostnaður

	2023	2022
Annar rekstrarkostnaður greinist þannig:		
Skrifstofukostnaður	5.787	24.219
Tölvumál og rekstur vefsíðu	1.693.427	2.170.187
Bókhald, endurskoðun og reikningsskil	1.221.796	1.135.714
Markaðs- og fundarkostnaður	822.985	1.631.265
Ökutækjastyrkur	240.000	720.000
Annar kostnaður	591.587	393.891
Samtals	4.575.582	6.075.276

4. Rekstrarfjármunir

Rekstrarfjármunir samanstanda af tölvubúnaði og kostnaði við vefsíðu og greinast þannig:

	2023	2022
Bókfært verð 1.1.	1.894.105	2.856.618
Afskrifað á árinu	(962.513)	(962.513)
Bókfært verð 31.12.	931.592	1.894.105
Afskriftahlutföll	33%	33%

5. Birgðir og óseld kolefnisbinding

	2023	2022
Birgðir í efnahagsreikningi greinast þannig:		
Fræbirgðir	0	610.975
Ógróðursettar trjáplöntur	2.649.683	2.442.918
	2.649.683	3.053.893

Skýringar

6. Óseld kolefnisbinding

Á árinu 2023 nam gróðursetning til væntrar kolefnisbindingar 59.532 tonnum af CO₂. 80% af því eru handbærar einingar til sölu eða 47.625 tonn CO₂. Seld kolefnisbinding nam 26.420 tonnum CO₂. Óseld kolefnisbinding ársins er því 21.205 tonn CO₂ af handbærum einingum. Uppsöfnuð óseld kolefnisbinding í árslok er 25.449 handbærar einingar. Kostnaður við trjáplöntur og gróðursetningu vegna óseldrar kolefnisbindingar hefur verið metinn og færður til eignar að fjárhæð 38,9 millj. kr.

Uppsöfnuð óseld kolefnisbinding í árslok 2022 var 4.243 handbærar einingar, byggt á nýrri skilgreiningu á bindistuðlum. Í ársreikningi 2021 var fjöldi eininga 10.809 byggt á fyrri útreikningum. Óseld kolefnisbinding er nú 25.449 tonn CO₂ að sóluverðmæti 86,5 millj. kr. en metin til eignar í efnahagsreikningi á 38,9 millj. kr. Áætlað er að kostnaður við óselda kolefnisbindingu séu 33,5 millj. kr.

7. Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar niður um 103 þús. kr. í árslok 2023.

8. Markaðsverðbréf

Markaðsverðbréf í vörslu Landsbréfa eru bókfærð eru á markaðsverði og greinast þannig:

	2023	2022
Innlend skuldabréf	12.688.922	12.313.441
Innlend hlutabréf	1.791.666	1.380.272
Erlend hlutabréf	818.112	856.721
Blandaðir sjóðir	744.482	482.097
Innlendir peningamarkaðsgerningar	319.064	320.886
Ógreidd umsýsluþóknun	(43.517)	(42.731)
Samals	16.318.729	15.310.686

9. Eigið fé

Yfirlit um eiginfjárreikninga:

	Stofnframlag	Trygginga- sjóður	Óráðstafað eigið fé	Samtals
Staða 1.1.2023	647.000	15.433.326	38.279.910	54.360.236
Tekjur umfram gjöld.....			12.648.027	12.648.027
Framlag í tryggingasjóð		3.986.076	(3.986.076)	0
Staða 31.12.2023	647.000	19.419.402	46.941.861	67.008.263

Árlegt framlag í tryggingasjóð skal vera 5% af seldri kolefnisjöfnun ársins.

10. Seld kolefnisbinding og framleiðsla

	2023	2022
Seld kolefnisbinding á árinu í tonnum CO ₂	26.420	35.303
Vænt kolefnisbinding vegna plöntunar á árinu í tonnum CO ₂	59.532	45.002
Uppsöfnuð vænt heildar- kolefnisbinding í tonnum CO ₂	270.154	212.905